

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Af hundum í Ísafjarðarbæ skal hundaeftirlitsmaður Ísafjarðarbæjar innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald nr. 567/1997.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

	kr.
Fyrsta leyfisveiting	9.000
Leyfisveiting eftir úrunninn frest	13.500
Bráðabirgðaleyfi	2.000

3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	kr. 9.000
-------------	-----------

4. gr.

Greiðslur vegna hundahreinsunar og trygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

	kr.
Fyrsta afhending hunds	5.000
Önnur afhending hunds	10.000
Þriðja afhending hunds	15.000
Fyrsta afhending hunds án leyfis	12.000

Óheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7. gr.

Skilgreining á því að leitarhundur sé undanþeginn leyfisgjaldi er að viðkomandi hundur hafi að minnsta kosti B viðurkenningu útgefna af viðurkenndum leiðbeinanda og skal ljósrit af viðurkenningu afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

8. gr.

Hundaeftirlitsmaður Ísafjarðarbæjar sér um innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

9. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 17. desember 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.***GJALDSKRÁ**

fyrir sorphirðu (sorphreinsun og eyðingu) á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (hreinsunar-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði: kr. 7.900 á íbúð, m.v. 240 lítra tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar. Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum og 240 lítra einingu:

Flokkur	Kr.	Flokkur	Kr.
1, (1,0 eining)	11.000	11, (35,0 einingar)	385.000
2, (2,0 einingar)	22.000	12, (40,0 einingar)	440.000
3, (2,8 einingar)	31.625	13, (45,0 einingar)	495.000
4, (6,0 einingar)	66.000	14, (50,0 einingar)	550.000
5, (9,4 einingar)	104.000	15, (60,0 einingar)	660.000
6, (14,3 einingar)	158.125	16, (75,0 einingar)	825.000
7, (18,7 einingar)	206.250	17, (90,0 einingar)	990.000
8, (24,0 einingar)	261.250	18, (105,0 einingar)	1.155.000
9, (28,0 einingar)	309.375	19, (120,0 einingar)	1.320.000
10, (33,0 einingar)	364.375	20, (135,0 einingar)	1.485.000

Aðilar, sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á gámastað greiða 75% af gjaldi viðkomandi flokks.

Bæjarstjórn skipar aðilum í flokka.

Gjaldið skal innheimt með álagningu fasteignagjalda.

3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.500 með vsk. á ári, kr. 958 pr. mánuð.

Leiga 1100 lítra kerja er kr. 12.900 með vsk. á ári, kr. 1.075 pr. mánuð.

Verð er með virðisaukaskatti og tekur breytingum skv. byggingarvísitölu í janúar ár hvert. (Grunnvísitala 225,6 stig, 1. áfangi starfsgreinavísitölu 08 og 09).